

Ársreikningur 2018



Akraneskaupstaður

Gáma

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	3-4
Skýrsla og áritun stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11-14

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Gámu fyrir árið 2018. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu fyrirtækisins 31. desember 2018, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð fyrirtækinu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi fyrirtækisins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins.
- Metum við hvort reikningskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi fyrirtækisins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi fyrirtækisins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, 17. apríl 2019.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar

Gáma er B hluta stofnun sem hefur með höndum rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi.

Rekstrartekjur fyrirtækisins á árinu námu 90,2 millj. kr., og hagnaður ársins nam 6,5 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir fyrirtækisins í árslok 22,9 millj. kr. og heildarskuldir 25,2 millj. kr. Neikvætt eigið fé í lok ársins nam 2,3 millj. kr.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi Gámu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu Gámu á árinu 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Bæjarráð Akraness hefur í dag rætt ársreikning Gámu fyrir árið 2018 og staðfestir hann með undirritun sinni. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, 4. apríl 2019.

Bæjarráð:

Eisa Lara Arnardóttir.

Ólafur Þorvaldsson

Valgerður Guðmundsdóttir

Bæjarstjóri:

Sam Freyr Þórisson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2018 Áætlun	2017
Rekstrartekjur:				
Þjónustutekjur	2	90.216.000	90.221.000	90.216.000
Rekstrargjöld:				
Lífeyrisskuldbinding		2.381.126	1.712.000	2.488.055
Annar rekstrarkostnaður	3	81.235.991	87.976.000	86.269.972
	2	83.617.117	89.688.000	88.758.027
Afskriftir	5	548.610	327.146	482.801
		84.165.727	90.015.146	89.240.828
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		6.050.273	205.854	975.172
Fjármagnsliðir:				
Vaxtatekjur		422.027		0
Vaxtagjöld			(154.000)	(53.392)
	4	422.027	(154.000)	(53.392)
Hagnaður ársins	1,2	6.472.300	51.854	921.780

Efnahagsreikningur

Eignir:		Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
	Húseignir		6.052.089	6.379.245
	Lóðaframkvæmdir		4.369.403	4.590.857
	Búnaður og tæki		754.936	754.936
	Fastafjármunir	5	<u>11.176.428</u>	<u>11.725.038</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
	Viðskiptakrafa, Aðalsjóður	6	<u>11.771.111</u>	<u>2.369.075</u>
			<u>11.771.111</u>	<u>2.369.075</u>

Eignir samtals	1,2	<u><u>22.947.539</u></u>	<u><u>14.094.113</u></u>
-----------------------	-----	--------------------------	--------------------------

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir:

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé:			
(Ójafnað) eigið fé	7	<u>(2.267.945)</u>	<u>(8.740.245)</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar	8	<u>25.215.484</u>	<u>22.834.358</u>

Eigið fé og skuldir samtals	1,2	<u>22.947.539</u>	<u>14.094.113</u>
------------------------------------	-----	--------------------------	--------------------------

Sjóðstreymi árið 2018

	Skýr.	2018	2018 Áætlun	2017
Rekstrarhreyfingar:				
Hagnaður ársins		6.472.300	52.000	921.780
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir		548.610	327.000	482.801
Breyting lífeyrisskuldbindinga		2.381.126	1.712.000	2.488.055
Veltufé frá rekstri		<u>9.402.036</u>	<u>2.091.000</u>	<u>3.892.636</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>9.402.036</u>	<u>2.091.000</u>	<u>3.892.636</u>
Fjármögnunarhreyfingar:				
Eigin fyrirtæki, breyting		(9.402.036)	(2.091.000)	(3.892.636)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(9.402.036)</u>	<u>(2.091.000)</u>	<u>(3.892.636)</u>
Hækkun á handbæru fé		0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun		0	0	0
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar

Reikningsskilin:

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

Innlausn tekna

- a. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Færsla gjalda

- b. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

- c. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- d. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	40 ár
Lóðarframkvæmdir	12 ár
Búnaður og tæki	7 ár

Lífeyrisskuldbinding

- e. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna Gámu er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings

- f. Fjárhagsáætlun Gámu fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 9.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

Gáma

Skýringar, frh.:

	2018	2018 Áætlun	2017
Rekstrargjöld:			
3. Tegundir rekstrargjalda Gámu greinast þannig:			
Vörukaup og viðhaldsvörur	5.122.147	295.000	67.792
Prentun, fjarskipti og auglýsingar	21.802	56.000	159.939
Flutningsgjöld	633.532	374.000	717.842
Sérfræðiþjónusta	249.119	1.882.000	1.820.168
Ýmis aðkeypt þjónusta	70.181.168	80.298.000	80.197.737
Leigugreiðslur	971.601	1.000.000	764.032
Mannvirkjagerð og viðhald	2.598.944	2.561.000	1.126.202
Vátryggingar og opinber gjöld	1.457.678	1.510.000	1.416.260
	81.235.991	87.976.000	86.269.972

Fjármagnsliðir:

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur eigin fyrirtækja	422.027	0	0
------------------------------------	---------	---	---

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld eigin fyrirtækja		154.000	53.392
-----------------------------------	--	---------	--------

Fjármagnsliðir samtals	422.027	(154.000)	(53.392)
------------------------	---------	-----------	----------

Varanlegir rekstrarfjármunir:

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir	Lóða- framkvæmdir	Búnaður og tæki	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	13.085.865	45.908.574	7.549.357	66.543.796
Afskrifað í ársbyrjun	(6.706.620)	(41.317.717)	(6.794.421)	(54.818.758)
Bókfært verð í ársbyrjun	6.379.245	4.590.857	754.936	11.725.038
Afskrifað á árinu	(327.156)	(221.454)		(548.610)
Bókfært verð í árslok	6.052.089	4.369.403	754.936	11.176.428
Heildarverð samtals	13.085.865	45.908.574	7.549.357	66.543.796
Afskrifað samtals	(7.033.776)	(41.539.171)	(6.794.421)	(55.367.368)
Bókfært verð í árslok	6.052.089	4.369.403	754.936	11.176.428
Afskriftarhlutföll	2,5%	8%	8%	
Vátryggingarmat	38.650.000			
Fasteignamat	92.350.000			

Gáma

Skýringar, frh.:

Viðskiptastaða við Aðalsjóð:

6. Viðskiptastaða er við Aðalsjóð í árslok, viðskiptahreyfingar ársins eru vaxtareiknaðar.

Eigið fé:

7. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Ójafnað eigið fé í ársbyrjun	(8.740.245)	(9.662.025)
Hagnaður ársins	6.472.300	921.780
	<u>(2.267.945)</u>	<u>(8.740.245)</u>

Skuldbindingar:

8. Á Gámu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna hennar sem eiga aðild að Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á mati tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Enginn lífeyrir var greiddur á árinu. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi sem langtímaskuld. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

	31.12.2018
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	22.834.358
Breyting ársins	<u>2.381.126</u>
Skuldbinding í árslok	<u>25.215.484</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2019-2023	5.200.000
Árin 2024-2028	6.500.000
Árin 2029-2033	5.300.000
Síðar	<u>8.215.484</u>
	<u>25.215.484</u>

Skýringar, frh.:

9. Samanburður rekstraráætlana:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2018 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun Gámu, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða	52.000		52.000
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	327.000		327.000
Breyting lífeyrisskuldbindingar	1.712.000		1.712.000
Veltufé frá rekstri	<u>2.091.000</u>	<u>0</u>	<u>2.091.000</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Eigin fyrirtæki, breyting	(2.091.000)		(2.091.000)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(2.091.000)</u>	<u>0</u>	<u>(2.091.000)</u>
Hækkun á handbæru fé	0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>